Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 28. janúar 1981 á ensku og frönsku í einu eintaki sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins og sérhvers ríkis sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, the 28th day of January 1981, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies of each member State of the Council of Europe and to any State invited to accede to this Convention.

Nr. 6 27. mars 1991

AUGLÝSING

um Evrópusamning gegn misnotkun lyfja í íþróttum.

Hinn 25. mars 1991 var Evrópusamningur gegn misnotkun lyfja í íþróttum, sem gerður var í Strassborg 16. nóvember 1989, undirritaður fyrir Íslands hönd án fyrirvara um fullgildingu. Samninguriinn öðlast gildi 1. maí 1991 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. mars 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
gegn misnotkun lyfja í íþróttum

Inngangur

Aðildarríki Evrópuráðsins, önnur ríki sem aðilar eru að menningarsáttmála Evrópu, svo og önnur ríki sem undirritað hafa samning þennan;

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu meðal aðila þess í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála;

sem gera sér grein fyrir því að íþróttum er ætlað að gegna mikilvægu hlutverki til heilsuverndar, við siðferðilegt og líkamlegt uppeldi, og til að auka skilning þjóða í milli;

sem hafa áhyggjur af vaxandi misnotkun lyfja og aðferða meðal karla og kvenna í öllu íþróttastarfi, og afleiðingum þess fyrir heilsu þeirra sjálfra og framtíð íþrótta;

ANTI-DOPING CONVENTION

Preamble

The member States of the Council of Europe, the other States party to the European Cultural Convention, and other States, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage and of facilitating their economic and social progress;

Conscious that sport should play an important role in the protection of health, in moral and physical education and in promoting international understanding;

Concerned by the growing use of doping agents and methods by sportsmen and sportswomen throughout sport and the consequences thereof for the health of participants and the future of sport;

sem er ljós sú hætta sem þeim siðferðilegu meginreglum og menntunargildum, sem fram koma í Ólympíska sáttmálanum, alþjóðasáttmála UNESCO um íþróttir og líkamsrækt og ályktun ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. (76) 41 sem nefndur er „Evrópusáttmáli um íþróttir fyrir alla", stafar af þessu vandamáli;

sem hafa í huga þær reglur, stefnumörk og yfirlýsingar sem alþjóðastofnanir á sviði íþrótta hafa samþykkt gegn lyfjamisnotkun;

sem gera sér grein fyrir því að opinber yfirvöld og hin frjálsu íþróttasamtök bera sameiginlega ábyrgð á baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, einkum til að tryggja að íþróttamót fari réttilega fram á grundvelli hugtaksins um „drengskap í leik og keppni", og til að vernda heilsu þeirra sem leggja stund á íþróttir;

sem viðurkenna að yfirvöld og íþróttasamtök verða að hafa með sér samvinnu á öllum viðeigandi stigum í þessu skyni;

sem minnast þeirra ályktana um lyfjamisnotkun sem ráðstefna evrópskra íþróttamálaráðherra hefur samþykkt, einkum ályktunar nr. 1 sem samþykkt var á 6. fundi ráðstefnunnar í Reykjavík árið 1989;

sem minnast þess að ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur þegar samþykkt ályktun (67) 12 um lyfjamisnotkun íþróttamanna, tilmæli R (79) 8 um lyfjamisnotkun í íþróttum, tilmæli R (84) 19 um „Evrópusáttmála gegn lyfjamisnotkun í íþróttum" og tilmæli R (88) 12 um að stofna til eftirlits með lyfjamisnotkun utan keppni án viðvörunar;

sem minnast tilmæla nr. 5 um lyfjamisnotkun sem samþykkt voru á 2. alþjóðaráðstefnu ráðherra og yfirmanna í stjórnsýslu á sviði íþróttamála og líkamsræktar sem skipulögð var af UNESCO í Moskvu (1988);

sem þó eru staðráðin í að grípa sameiginlega til frekari og ákveðnari aðgerða til þess að draga úr og að lokum útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum, á grundvelli þeirra siðferðisgilda og ráðstafana sem fram koma í löggerningum þessum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Markmið samningsins

Til að draga úr og að lokum útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum skuldbinda aðilar sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á samningi þessum innan þeirra marka sem ákvæði stjórnskipunarlaga þeirra setja.

Mindful that this problem puts at risk the ethical principles and educational values embodied in the Olympic Charter, in the International Charter for Sport and Physical Education of Unesco and in Resolution (76) 41 of the Committee of Ministers of the Council of Europe, known as the "European Sport for All Charter";

Bearing in mind the anti-doping regulations, policies and declarations adopted by the international sports organisations;

Aware that public authorities and the voluntary sports organisations have complementary responsibilities to combat doping in sport, notably to ensure the proper conduct, on the basis of the principle of fair play, of sports events and to protect the health of those that take part in them;

Recognising that these authorities and organisations must work together for these purposes at all appropriate levels;

Recalling the resolutions on doping adopted by the Conference of European Ministers responsible for Sport, and in particular Resolution No. 1 adopted at the 6th Conference at Reykjavik in 1989;

Recalling that the Committee of Ministers of the Council of Europe has already adopted Resolution (67)12 on the doping of athletes, Recommendation No. R (79)8 on doping in sport, Recommendation No. R (84)19 on the "European Anti-Doping Charter for Sport", and Recommendation No. R (88) 12 on the institution of doping controls without warning outside competitions;

Recalling Recommendation No. 5 on doping adopted by the 2nd International Conference of Ministers and Senior Officials responsible for Sport and Physical Education organised by Unesco at Moscow (1988);

Determined however to take further and stronger co-operative action aimed at the reduction and eventual elimination of doping in sport using as a basis the ethical values and practical measures contained in those instruments,

Have agreed as follows:

Article 1

Aim of the Convention

The Parties, with a view to the reduction and eventual elimination of doping in sport, undertake, within the limits of their respective constitutional provisions, to take the steps necessary to apply the provisions of this Convention.

2. gr.
Skilgreining og gildissvið samningsins

1. Í samningi þessum

a. merkir „lyfjamisnotkun í íþróttum“ það er íþróttafólki eru gefin eða það notar lyfjafræðilega sérgreind efni eða aðferðir,

b. merkja „lyfjafræðilega sérgreind efni eða aðferðir“ flokka af efnum eða aðferðum, sbr. þó 2. tl., sem þar til bær alþjóðleg íþróttasamtök hafa bannað, og sem fram koma á skrám er samþykktar hafa verið af eftirlitsnefndinni samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. tl. 11. gr.,

c. merkir „íþróttafólk“ karla og konur sem reglulega taka þátt í skipulegri íþróttastarfsemi.

2. Þar til skrá yfir lyfjafræðilega sérgrein efni eða aðferðir hefur verið samþykkt af eftirlitsnefndinni samkvæmt b-lið 1. tl. 11. gr. skal skrá sú sem fram kemur í viðauka([1]) við samning þennan gilda.

Article 2
Definition and scope of the Convention

1. For the purposes of this Convention:

a. "Doping in sport" means the administration to sportsmen or sportswomen, or the use by them, of pharmacological classes of doping agents or doping methods;

b. "pharmacological classes of doping agents or doping methods" means, subject to paragraph 2 below, those classes of doping agents or doping methods banned by the relevant international sports organisations and appearing in lists that have been approved by the Monitoring Group under the terms of Article 11.1.b;

c. "sportsmen and sportswomen" means those persons who participate regularly in organised sports activities.

2. Until such time as a list of banned pharmacological classes of doping agents and doping methods is approved by the Monitoring Group under the terms of Article 11.1.b, the reference list in the appendix([1]) to this Convention shall apply.

3. gr.
Samræming heima fyrir

1. Aðilar skulu samræma stefnu og aðgerðir stjórnarstofnana og annarra opinberra stofnana sem barátta gegn lyfjamisnotkun heyrir undir.

2. Skulu þeir sjá um að samningi þessum sé beitt, og einkum að farið sé að kröfum 7. gr., með því, þar sem við á, að fela framkvæmd sumra ákvæða samningsins tilnefndri íþróttastofnun innan eða utan ríkisgeirans, eða íþróttasamtökum.

Article 3
Domestic co-ordination

1. The Parties shall co-ordinate the policies and actions of their government departments and other public agencies concerned with combating doping in sport.

2. They shall ensure that there is practical application of this Convention, and in particular that the requirements under Article 7 are met, by entrusting, where appropriate, the implementation of some of the provisions of this Convention to a designated governmental or non-governmental sports authority or to a sports organisation.

4. gr.
Aðgerðir til að takmarka aðgang að og notkun á bönnuðum efnum og aðferðum

1. Aðilar skulu, þar sem við á, með lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluráðstöfunum (þar á meðal ákvæðum um eftirlit með flutningi, handhöfn, innflutningi, dreifingu og sölu) takmarka aðgöngu að bönnuðum efnum og aðgerðum og notkun þeirra í íþróttum, einkum þó vefjaaukandi sterum.

2. Í þessu skyni skulu aðilar, eða viðkomandi samtök utan ríkisgeirans, eftir því sem við á, taka mið af því hvort íþróttasamtök fylgi reglugerðum gegn lyfjamisnotkun á virkan hátt er styrkjum af almannafé er úthlutað til þeirra.

Article 4
Measures to restrict the availability and use of banned doping agents and methods

1. The Parties shall adopt where appropriate legislation, regulations or administrative measures to restrict the availability (including provisions to control movement, possession, importation, distribution and sale) as well as the use in sport of banned doping agents and doping methods and, in particular, anabolic steroids.

2. To this end, the Parties or, where appropriate, the relevant non-governmental organisations shall make it a criterion for the grant of public subsidies to sports organisations that they effectively apply anti-doping regulations.

[1]) Ekki birtur hér.

([1]) Not printed here.

3. Aðilar skulu einnig

a. aðstoða íþróttasamtök við að standa straum af kostnaði við lyfjaeftirlit og greiningu, annaðhvort með beinum framlögum eða styrkjum eða með því að taka tillit til kostnaðar við slíkt eftirlit og greiningu þegar tekin er ákvörðun um heildarupphæð framlaga eða styrkja til samtaka þessara.

b. gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þjálfunarstyrkir séu veittir íþróttafólki sem dæmt hefur verið í keppnisbann vegna brots á reglum um lyfjamisnotkun í íþróttum, á meðan á keppnisbanni stendur.

c. hvetja til þess, þar sem við á, og greiða fyrir því að íþróttasamtök framkvæmi það lyfjaeftirlit sem þar til bær alþjóðleg íþróttasamtök krefjast í keppni og utan keppni.

d. hvetja til þess og greiða fyrir því að íþróttasamtök geri samninga er heimili að meðlimir þeirra séu í öðrum löndum prófaðir af starfsliði sem falið er að annast eftirlit með lyfjamisnotkun.

4. Aðilar áskilja sér rétt til að setja sér reglur gegn lyfjamisnotkun og skipuleggja eftirlit gegn lyfjamisnotkun að eigin frumkvæði og á eigin ábyrgð, enda samræmist það þeim reglum samnings þessa sem við eiga.

5. gr.

Rannsóknarstofur

1. Hver aðili skuldbindur sig til þess

a. að annaðhvort stofna eða greiða fyrir því að sett verði á stofn á landsvæði sínu ein eða fleiri rannsóknarstofur til eftirlits gegn lyfjamisnotkun, sem leita megi löggildingu fyrir samkvæmt kröfum sem gerðar eru af viðkomandi alþjóðlegum íþróttasamtökum og viðurkenndar af eftirlitsnefndinni samkvæmt b-lið 1. tl. 11. gr.; eða

b. aðstoða íþróttasamtök við að fá aðgang að slíkri rannsóknarstofu á landsvæði annars aðila.

2. Rannsóknarstofur þessar skulu hvattar til að:

a. gera það sem gera þarf til að ráða, halda í, mennta og endurmennta hæft starfslið,

b. taka sér viðeigandi rannsóknar- og þróunarverkefni varðandi efni og aðferðir sem eru eða kunna að vera misnotaðar í íþróttum, svo og í greiningarlífefnafræði og lyfjafræði til að öðlast betri skilning á áhrifum hinna ýmsu efna á mannslíkamann og afreksgetu í íþróttum,

c. birta og dreifa án tafar nýjum upplýsingum sem fram koma í rannsóknum þeirra.

3. Furthermore, the Parties shall:

a. assist their sports organisations to finance doping controls and analyses, either by direct subsidies or grants, or by recognising the costs of such controls and analyses when determining the overall subsidies or grants to be awarded to those organisations;

b. take appropriate steps to withhold the grant of subsidies from public funds, for training purposes, to individual sportsmen and sportswomen who have been suspended following a doping offence in sport, during the period of their suspension.

c. encourage and, where appropriate, facilitate the carrying out by their sports organisations of the doping controls required by the competent international sports organisations whether during or outside competitions; and

d. encourage and facilitate the negotiation by sports organisations of agreements permitting their members to be tested by duly authorised doping control teams in other countries.

4. Parties reserve the right to adopt anti-doping regulations and to organise doping controls on their own initiative and on their own responsibility, provided that they are compatible with the relevant principles of this Convention.

Article 5

Laboratories

1. Each Party undertakes:

a. either to establish or facilitate the establishment on its territory of one or more doping control laboratories suitable for consideration for accreditation under the criteria adopted by the relevant international sports organisations and approved by the Monitoring Group under the terms of Article 11.1.b; or

b. to assist its sports organisations to gain access to such a laboratory on the territory of another Party.

2. These laboratories shall be encouraged to:

a. take appropriate action to employ and retain, train and retrain qualified staff;

b. undertake appropriate programmes of research and development into doping agents and methods used, or thought to be used, for the purposes of doping in sport and into analytical biochemistry and pharmacology with a view to obtaining a better understanding of the effects of various substances upon the human body and their consequences for athletic performance;

c. publish and circulate promptly new data from their research.

6. gr.
Fræðsla

1. Aðilar taka að sér að útbúa og fullvinna, í samvinnu við viðkomandi íþróttasamtök og fjölmiðla, þar sem við á, fræðsluefni og standa að kynningu þar sem lögð er áhersla á þá hættu fyrir heilsu manna sem stafar af lyfjamisnotkun og þann skaða sem hún veldur siðferðisgildum í íþróttum. Slíkri fræðslu og kynningarstarfsemi skal beint að æskufólki í skólum og íþróttafélögum, foreldrum þeirra, fullorðnu íþróttafólki, starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar, leiðtogum og þjálfurum. Gagnvart þeim sem starfa í heilbrigðisþjónustunni skal lögð áhersla á siðferðisgildi sem læknisfræðin heldur í heiðri.

2. Aðilar skulu taka að sér að hvetja til og stuðla að rannsóknum, í samvinnu við viðkomandi svæðasamtök, landssamtök og alþjóðleg íþróttasamtök, þar sem leitað er leiða við gerð leiðbeininga er varða líkamlega og sálfræðilega þjálfun sem byggist á vísindalegum forsendum og þar sem borin er virðing fyrir reisn einstaklingsins og heiðarleika.

Article 6
Education

1. The Parties undertake to devise and implement, where appropriate in co-operation with the sports organisations concerned and the mass media, educational programmes and information campaigns emphasising the dangers to health inherent in doping and its harm to the ethical values of sport. Such programmes and campaigns shall be directed at both young people in schools and sports clubs and their parents and at adult sportsmen and sportswomen, sports officials, coaches and trainers. For those involved in medicine, such educational programmes will emphasise respect for medical ethics.

2. The Parties undertake to encourage and promote research, in co-operation with the regional, national and international sports organisations concerned, into ways and means of devising scientifically-based physiological and psychological training programmes that respect the integrity of the human person.

7. gr.
Samvinna við íþróttasamtök um ráðstafanir sem þeim ber að gera

1. Aðilar skuldbinda sig til að hvetja íþróttasamtök, og alþjóðleg íþróttasamtök fyrir milligöngu þeirra, til að kveða á um og grípa til allra tiltækra ráðstafana, sem þau eru bær til að gera, gegn lyfjamisnotkun í íþróttum.

2. Í því skyni skulu aðilar hvetja íþróttasamtök til að skýra og samræma réttindi, skuldbindingar og skyldur hvers þeirra um sig, einkum með því að samræma:

a. reglur um eftirlit með lyfjamisnotkun á grundvelli þeirra reglna sem viðkomandi alþjóðleg íþróttasamtök hafa samþykkt;

b. skrár sínar um bönnuð lyfjafræðilega sérgreind efni og aðferðir sem bannaðar eru með hliðsjón af skrám sem viðkomandi alþjóðleg íþróttasamtök hafa samþykkt;

c. starfstilhögun við eftirlit með lyfjamisnotkun í íþróttum;

d. meðferð agamála, þar sem taka skal tillit til viðurkenndra alþjóðlegra réttarfarsreglna og tryggja að virt séu grundvallarréttindi íþróttafólks sem grunað er, en meðal reglna þessara er

i. að ákæruvald og refsivald sé aðskilið;

ii. að þeir sem í hlut eiga eigi rétt á að mál þeirra séu rannsökuð og rétt á aðstoð eða málsvara;

Article 7
Co-operation with sports organisations on measures to be taken by them

1. The Parties undertake to encourage their sports organisations and through them the international sports organisations to formulate and apply all appropriate measures, falling within their competence, against doping in sport.

2. To this end, they shall encourage their sports organisations to clarify and harmonise their respective rights, obligations and duties, in particular by harmonising their:

a. anti-doping regulations on the basis of the regulations agreed by the relevant international sports organisations;

b. lists of banned pharmacological classes of doping agents and banned doping methods on the basis of the lists agreed by the relevant international sports organisation;

c. doping control procedures;

d. disciplinary procedures, applying agreed international principles of natural justice and ensuring respect for the fundamental rights of suspected sportsmen and sportswomen; these principles will include:

i. the reporting and disciplinary bodies to be distinct from one another;

ii. the right of such persons to a fair hearing and to be assisted or represented;

iii. að fyrir hendi séu skýrar og framkvæmanlegar reglur um áfrýjun úrskurðar;

e. tilhögun við að leggja virkar refsingar á embættismenn, lækna, dýralækna, þjálfara, sjúkraþjálfa og aðra starfsmenn eða aðstoðarmenn sem tengjast brotum íþróttafólks gegn reglum er banna lyfjamisnotkun í íþróttum;

f. tilhögun um gagnkvæma viðurkenningu á keppnisbanni og annarri refsingu sem önnur íþróttasamtök í sama landi eða í öðrum löndum hafa lagt á.

3. Aðilar skulu ennfremur hvetja íþróttasamtök til að:

a. koma á eftirliti með lyfjamisnotkun svo oft að það beri árangur, ekki aðeins í keppni heldur einnig hvenær sem henta þykir utan keppni án undangenginnar viðvörunar, og skal við eftirlit gætt sanngirni í garð alls þess íþróttafólks, og því m.a. þannig hagað að fólk sem valið er til prófunar, þar sem við á af handahófi, sæti prófun og endurprófun, eftir því sem við á;

b. gera samninga við íþróttasamtök annarra landa er leyfa að þar til bærir lyfjaprófunarhópar þeirra lyfjaprófi íþróttafólk sem stundar þar þjálfun;

c. skilgreina og samræma reglur um hæfi íþróttafólks til að taka þátt í íþróttamótum, þar sem fyrirmæli um lyfjaeftirlit er að finna;

d. stuðla að því að íþróttafólk taki sjálft virkan þátt í starfi alþjóðlegra íþróttasamtaka gegn lyfjamisnotkun í íþróttum;

e. nýta til fulls þá aðstöðu til lyfjagreiningar á rannsóknarstofum sem um getur í 5. gr., bæði í og utan keppni.

f. kynna sér vísindalegar þjálfunaraðferðir og semja leiðbeiningar sem hæfa hverri íþróttagrein, til verndar íþróttafólki á öllum aldri.

8. gr.

Alþjóðleg samvinna

1. Aðilar skulu hafa nána samvinnu um mál sem samningur þessi tekur til, og skulu hvetja til hliðstæðrar samvinnu milli íþróttasamtaka sinna.

2. Aðilar skuldbinda sig til:

a. að hvetja íþróttasamtök sín til að starfa þannig að stuðlað sé að því að ákvæðum samnings þessa sé beitt innan allra viðkomandi alþjóðlegra íþróttasamtaka sem þau tengjast, einnig með því að viðurkenna ekki meint heimsmet eða svæðismet nema því fylgi staðfest skýrsla um neikvætt

iii. clear and enforceable provisions for appealing against any judgment made;

e. procedures for the imposition of effective penalties for officials, doctors, veterinary doctors, coaches, physiotherapists and other officials or accessories associated with infringements of the anti-doping regulations by sportsmen and sportswomen;

f. procedures for the mutual recognition of suspensions and other penalties imposed by other sports organisations in the same or other countries.

3. Moreover, the Parties shall encourage their sports organisations:

a. to introduce, on an effective scale, doping controls not only at, but also without advance warning at any appropriate time outside, competitions, such controls to be conducted in a way which is equitable for all sportsmen and sportswomen and which includes testing and retesting of persons selected, where appropriate, on a random basis;

b. to negotiate agreements with sports organisations of other countries permitting a sportsman or sportswoman training in another country to be tested by a duly authorised doping control team of that country;

c. to clarify and harmonise regulations on eligibility to take part in sports events which will include anti-doping criteria;

d. to promote active participation by sportsmen and sportswomen themselves in the anti-doping work of international sports organisations;

e. to make full and efficient use of the facilities available for doping analysis at the laboratories provided for by Article 5, both during and outside sports competitions;

f. to study scientific training methods and to devise guidelines to protect sportsmen and sportswomen of all ages, appropriate for each sport.

Article 8

International Co-operation

1. The Parties shall co-operate closely on the matters covered by this Convention and shall encourage similar co-operation amongst their sports organisations.

2. The Parties undertake:

a. to encourage their sports organisations to operate in a manner that promotes application of the provisions of this Convention within all the appropriate international sports organisations to which they are affiliated, including the refusal to ratify claims for world or regional records unless

lyfjaprót;

b. að stuðla að samvinnu starfsfólks rannsóknarstofa sem settar hafa verið á stofn eða starfa samkvæmt 5. gr.; og

c. að koma á tvíhliða og fjölhliða samvinnu milli viðeigandi stofnana, stjórnvalda og samtaka til þess að þeim markmiðum sem sett eru fram í 1. tl. 4. gr. verði einnig náð á alþjóðlegum vettvangi.

3. Aðilar sem hafa rannsóknarstofur sem settar voru á stofn eða starfa samkvæmt 5. gr. skuldbinda sig til að aðstoða aðra aðila þannig að þeir öðlist þá reynslu, kunnáttu og tækni sem nauðsynleg er til að setja á stofn eigin rannsóknarstofur.

9. gr.

Afhending upplýsinga

Hver aðili skal senda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins allar viðeigandi upplýsingar á einhverju hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins um aðgerðir á sviði löggjafar og aðrar ráðstafanir sem hann gerir til að fara að ákvæðum samnings þessa.

10. gr.

Eftirlitsnefnd

1. Eftirlitsnefnd er hér með stofnsett vegna samnings þessa.

2. Einn eða fleiri fulltrúar mega koma fram fyrir hönd hvers aðila innan eftirlitsnefndarinnar. Hver aðili skal hafa eitt atkvæði.

3. Hvert ríki sem um getur í 1. tl. 14. gr. getur átt áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

4. Nefndin getur með samhljóða ákvörðun boðið hverju því ríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu eða samningnum, svo og íþróttasamtökum eða öðrum fagsamtökum sem láta sig störf hennar varða, að senda áheyrnarfulltrúa á einn eða fleiri fundi hennar.

5. Aðalframkvæmdastjóri kallar nefndina saman. Fyrsta fund skal halda svo skjótt sem auðveldlega er unnt, og eigi síðar en ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Skal hún síðan koma saman, hvenær sem þörf krefur, að frumkvæði aðalframkvæmdastjóra eða aðila.

6. Meirihluti aðila nægir til þess að fundur nefndarinnar sé löglegur.

7. Fundir nefndarinnar skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

accompanied by an authenticated negative doping control report;

b. to promote co-operation between the staffs of their doping control laboratories established or operating in pursuance of Article 5; and

c. to initiate bilateral and multilateral co-operation between their appropriate agencies, authorities and organisations in order to achieve, at the international level as well, the purposes set out in Article 4.1.

3. The Parties with laboratories established or operating in pursuance of Article 5 undertake to assist other Parties to enable them to acquire the experience, skills and techniques necessary to establish their own laboratories.

Article 9

Provision of information

Each Party shall forward to the Secretary General of the Council of Europe, in one of the official languages of the Council of Europe, all relevant information concerning legislative and other measures taken by it for the purpose of complying with the terms of this Convention.

Article 10

Monitoring Group

1. For the purposes of this Convention, a Monitoring Group is hereby set up.

2. Any Party may be represented on the Monitoring Group by one or more delegates. Each Party shall have one vote.

3. Any State mentioned in Article 14.1 which is not a Party to this Convention may be represented on the Monitoring Group by an observer.

4. The Monitoring Group may, by unanimous decision, invite any non-member State of the Council of Europe which is not a Party to the Convention and any sports or other professional organisation concerned to be represented by an observer at one or more of its meetings.

5. The Monitoring Group shall be convened by the Secretary General. Its first meeting shall be held as soon as reasonably practicable, and in any case within one year after the date of the entry into force of the Convention. It shall subsequently meet whenever necessary, on the initiative of the Secretary General or a Party.

6. A majority of the Parties shall constitute a quorum for holding a meeting of the Monitoring Group.

7. The Monitoring Group shall meet in private.

8. Nefndin semur og samþykkir samhljóða eigin fundarsköp í samræmi við ákvæði samnings þessa.

11. gr.

1. Eftirlitsnefndin skal fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Einkum getur hún:

a. endurskoðað ákvæði samningsins og athugað hverjar þær breytingar sem þörf er á að gera;

b. samþykkt skrá um lyfjafræðilega sérgreind efni og aðferðir sem þar til bær alþjóðleg íþróttasamtök hafa bannað, sbr. 1. og 2. tl. 2. gr., og breytingar á henni, og kröfur sem samtök þessi hafa samþykkt til löggildingar á rannsóknarstofum, svo og breytingar á þeim, sbr. a-lið 1. tl. 5. gr., og ákveða gildistökudag þessara ákvarðana;

c. ráðfært sig við viðeigandi íþróttasamtök;

d. sent aðilum tillögur um ráðstafanir sem gera skuli vegna samnings þessa;

e. gert tillögur um hentugar ráðstafanir til að veita viðkomandi alþjóðastofnunum og almenningi upplýsingar um störf sem unnin eru innan ramma samnings þessa;

f. sent ráðherranefndinni tillögur um að bjóða ríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu aðild að samningi þessum;

g. lagt hvað það til sem kann að gera samning þennan áhrifaríkari.

2. Til þess að sinna skyldum sínum getur nefndin, að eigin frumkvæði, kallað saman fundi sérfræðinga.

12. gr.

Að afloknum hverjum fundi skal eftirlitsnefndin senda ráðherranefnd Evrópuráðsins skýrslu um störf sín og virkni samningsins.

13. gr.

Breytingar á samningsgreinum

1. Aðili, ráðherranefnd Evrópuráðsins og eftirlitsnefndin geta lagt fram tillögur um breytingar á greinum samnings þessa.

2. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda sérhverja breytingartillögu til ríkja, sem talin eru upp í 14. gr., og sérhvers ríkis sem gerst

8. Subject to the provisions of this Convention, the Monitoring Group shall draw up and adopt by consensus its own Rules of Procedure.

Article 11

1. The Monitoring Groups shall monitor the application of this Convention. It may in particular:

a. keep under review the provisions of this Convention and examine any modifications necessary;

b. approve the list, and any revision thereto, of pharmacological classes of doping agents and doping methods banned by the relevant international sports organisations, referred to in Articles 2.1 and 2.2, and the criteria for accreditation of laboratories, and any revision thereto, adopted by the said organisations, referred to in Article 5.1.a, and fix the date for the relevant decisions to enter into force;

c. hold consultations with relevant sports organisations;

d. make recommendations to the Parties concerning measures to be taken for the purposes of this Convention;

e. recommend the appropriate measures to keep relevant international organisations and the public informed about the activities undertaken within the framework of this Convention;

f. make recommendations to the Committee of Ministers concerning non-member States of the Council of Europe to be invited to accede to this Convention;

g. make any proposal for improving the effectiveness of this Convention.

2. In order to discharge its functions, the Monitoring Group may, on its own initiative, arrange for meetings of groups of experts.

Article 12

After each meeting, the Monitoring Group shall forward to the Committee of Ministers of the Council of Europe a report on its work and on the functioning of the Convention.

Article 13

Amendments to the Articles of the Convention

1. Amendments to the Articles of this Convention may be proposed by a Party, the Committee of Ministers of the Council of Europe or the Monitoring Group.

2. Any proposal for amendment shall be communicated by the Secretary General of the Council of Europe to the States mentioned in Article 14

hefur aðili eða boðin hefur verið aðild að samningi þessum skv. 16. gr.

3. Sérhver breyting, sem aðili eða ráðherranefndin leggur til, skal send eftirlitsnefndinni að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrir fund þar sem hún verður til umfjöllunar. Eftirlitsnefndin skal láta ráðherranefndinni í té álit sitt á breytingartillögunni, að höfðu samráði við viðkomandi íþróttasamtök þar sem við á.

4. Ráðherranefndin skal taka breytingartillöguna til athugunar svo og sérhvert álit frá eftirlitsnefndinni og getur samþykkt breytinguna.

5. Texta sérhverrar breytingar sem ráðherranefndin hefur samþykkt í samræmi við 4. tl. þessarar greinar skal komið til aðilanna til samþykktar.

6. Breyting sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. tl. þessarar greinar skal ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá því að allir aðilar hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóra um samþykkt.

Lokaákvæði

14. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, önnur ríki sem aðilar eru að menningarsáttmála Evrópu, og ríki sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og geta þau látið í ljósi samþykki sitt um að vera bundin ákvæðum hans með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ásamt síðari fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki.

2. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

15. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðinn er mánuður frá þeim degi er fimm ríki, þar á meðal fjögur aðildarríki Evrópuráðsins, hafa látið í ljósi samþykki sitt um að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 14. gr.

2. Gagnvart ríki sem undirritar samninginn og síðar lætur í ljósi samþykki sitt um að vera bundið

and to every State which has acceded to or has been invited to accede to this Convention in accordance with the provisions of Article 16.

3. Any amendment proposed by a Party or the Committee of Ministers shall be communicated to the Monitoring Group at least two months before the meeting at which it is to be considered. The Monitoring Group shall submit to the Committee of Ministers its opinion on the proposed amendment, where appropriate after consultation with the relevant sports organisations.

4. The Committee of Ministers shall consider the proposed amendment and any opinion submitted by the Monitoring Group and may adopt the amendment.

5. The text of any amendment adopted by the Committee of Ministers in accordance with paragraph 4 of this Article shall be forwarded to the Parties for acceptance.

6. Any amendment adopted in accordance with paragraph 4 of this Article shall come into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after all Parties have informed the Secretary General of their acceptance thereof.

Final clauses

Article 14

1. This Convention shall be open for signature by member States of the Council of Europe, other States party to the European Cultural Convention and non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, which may express their consent to be bound by:

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval, or

b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 15

1. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of Article 14.

2. In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it,

af honum skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá undirritunardegi eða þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal er afhent.

16. gr.

1. Eftir gildistöku samnings þessa getur ráðherranefnd Evrópuráðsins að höfðu samráði við aðilana boðið hvaða ríki sem er, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meiri hluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa samningsríkjanna sem rétt eiga til setu í nefndinni.

2. Gagnvart ríki sem þannig gerist aðili skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi sem aðildarskjal er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

17. gr.

1. Hvert ríki getur við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- , samþykktar- eða aðildarskjals tilgreint það eða þau landssvæði sem samningur þessi á að ná til.

2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins látið samning þennan ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Gagnvart slíku landssvæði skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

18. gr.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim

the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of signature or of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 16

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe, after consulting the Parties, may invite to accede to the Convention any non-member State by a decision taken by the majority provided for in Article 20.d of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee.

2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of the deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 17

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. Such withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 18

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration

degi að aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

19. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðilum, öðrum aðildarríkjum ráðsins, öðrum ríkjum sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu, ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili eða boðin hefur verðið aðild að samningi þessum um:

a. sérhverja undirritun skv. 14. gr,

b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- og aðildarskjals skv. 14. eða 16. gr.,

c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 15. og 16. gr.,

d. sérhverjar upplýsingar sem sendar eru skv. 9. gr.,

e. sérhverja skýrslu sem gerð er skv. 12. gr.,

f. sérhverja breytingartillögu eða breytingu sem samþykkt er skv. 13. gr., og dag þann er breytingin öðlast gildi.,

g. sérhverja yfirlýsingu sem gefin er skv. 17. gr.,

h. sérhverja tilkynningu skv. 18. gr., og dag þann er uppsögn öðlast gildi.,

i. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 16. nóvember 1989 á ensku og frönsku í einu eintaki sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins, annarra ríkja sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu, ríkja sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa og sérhvers ríkis sem boðið er að gerast aðili að honum.

of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 19

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the Parties, the other member States of the Council of Europe, the other States party to the European Cultural Convention, the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention and any State which has acceded or has been invited to accede to it of:

a. any signature in accordance with Article 14;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with Article 14 or 16;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 15 and 16;

d. any information forwarded under the provisions of Article 9;

e. any report prepared in pursuance of the provisions of Article 12;

f. any proposal for amendment or any amendment adopted in accordance with Article 13 and the date on which the amendment comes into force;

g. any declaration made under the provisions of Article 17;

h. any notification made under the provisions of Article 18 and the date on which the denunciation takes effect;

i. any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 16th day of November 1989, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the other States party to the European Cultural Convention, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention and to any State invited to accede to it.